



Fjarðarárvirkjun. Minnisblað um
nauðsynlegar rannsóknir og um kortagerð
vegna rennslisáætlana

Kristinn Einarsson

Greinargerð KE-88-01



FJARÐARÁRVIRKJUN

Minnisblað um nauðsynlegar rannsóknir og um kortagerð vegna rennslisáætlana

1. Inngangur

Höfundur þessa minnisblaðs var við rennslis- og vatnafarsathuganir á Fjarðarheiði dagana 13.-15. september 1988. Var þá rennsli nokkuð í rénum eftir óvenju mikla og langvarandi úrkому. Tilgangur minnisblaðsins er sá að koma með ábendingar um nauðsynlegar rannsóknir utan sviðs hinnar eiginlegu vatnafræði og óskir um frekari kortagerð vegna rennslisathugana.

2. Nauðsynlegar rannsóknir

Hér með er því komið á framfæri að mér sýnist full ástæða til þess að gera eins fullkomna samantekt og unnt er um snjóflóð sem fallið hafa á eða við Fjarðarheiði. Jafnframt er sjálfsagt, þótt ekki virðist eins brýnt, að taka saman heimildir um skriðuföll á sama svæði. Hvoru tveggja ætti að færa inn á kort af svæðinu.

Slíka samantekt verður að gera að miklu leyti eftir munnlegum heimildum kunnugra heimamanna, og sýnist mér því einsýnt að leita beri til aðila í héraði ef til þess kemur að hún sé framkvæmd, t.d. Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað. Jafnframt teldi ég æskilegt að þessi samantekt yrði gerð sem fyrst, þannig að möguleg áhrif á hönnunarforsendur, svo sem pípuleiðir, geti komið fram sem fyrst.

Kostnaður við heimildasöfnun af þessu tagi ætti vart að vera mikið meiri en ca. kr. 100.000. Er þessu hér með komið á framfæri.

3. Kortagerð vegna rennslisáætlana

Vísað er til greinargerðar Orkustofnunar "Áætlun um kortagerð á Fjarðarheiði" GÞ-88/05 dags. 17. ágúst 1988 og til skýrslu

Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen "Virkjun Fjarðarár I. Drög að áætlun" VST 75.088, OS-ROD-7613, frá 1976.

Höfuðatriði við allar rennslisáætlanir vegna Fjarðarárvirkjunar er að geta á fullnægjandi hátt greint á milli miðlanlegs og ómiðlanlegs rennslis. Hugsanlegar frekari veitur en gert er ráð fyrir í skýrslu VST og hugsanlegar miðlanir á öðrum stöðum skapa þörf á frekari kortagerð. Á þetta er bent í skýrslu VST á bls. 36 og á fylgiblaði 6.1.

Á mynd 1 í greinargerð GÞ eru sýnd mörk mynda frá 1970.

Séu fyrrgreint fylgiblað 6.1 og mynd 1 borin saman kemur í ljós mögulegt misræmi milli þess sem æskilegt er talið og áætlað er að framkvæma. Þetta misræmi er tilfinnanlegast í Vatnshæðum suður af Heiðarvatni, en þar er nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort hægt sé að veita Vatnshæðará, sem svo er nefnd í skýrslu VST, að hluta eða að öllu leyti til miðlunar í Heiðarvatni. Mér sýnist að bæta þurfi við merkta myndpunkta í átt til Gagnheiðar, svo það megi takast.